**TILKYNNING**

## Verðmat uppgjörseigna

ÍL-sjóður, sem útgefandi skuldabréfa í flokkunum HFF150434 og HFF150644, hefur ákveðið að nýta sér heimild til uppgjörs þann 12. júní 2025 í samræmi við lið (i) í grein 7.A í skilmálum bréfanna, sem samþykkt var að bættist við til bráðabirgða á fundi skuldabréfaeigenda þann 10. apríl 2025.

Í samræmi við grein 7.A í skilmálum bréfanna byggir uppgjörið á virðismati HFF skuldabréfanna og uppgjörseigna á viðmiðunardeginum 7. mars 2025, að teknu tilliti til aðlögunar vegna vaxta á reiðufé og greiðslna af HFF bréfum og uppgjörseignum frá viðmiðunardegi til uppgjörsdags.

Við innbyrðis hlutfallslega skiptingu uppgjörseigna milli kröfuhafa er jafnframt í samræmi við ákvæði í gr. 7.A tekið tillit til virðismats uppgjörseigna þann 3. júní 2025 sem byggt er á sömu forsendum og fyrra mat.

Árétta ber að uppfært virðismat uppgjörseigna hefur einungis áhrif á skiptingu uppgjörseigna milli eigenda krafna yfir og undir lágmarksfjárhæð (1.200.000.000 kr.) og er framkvæmt í þeim tilgangi að tryggja jafnræði kröfuhafa við uppgjör eins og tillaga að skilmálabreytingu kveður nánar á um. Uppfært virðismat breytir hins vegar engu um virði uppgjörseignanna eins og það var endanlega ákvarðað 7. mars 2025 sem full greiðsla fyrir HFF skuldabréfin.

Uppfært virðismat er sett fram í neðangreindum töflum:

**Uppgjörseignir HFF150434**

| | Ávöxtunarkrafa[1] | Nafnverð | Verð / Gengi[2] | Virði 3. júní 2025 |
|---|---|---|---|---|
| Ríkisskuldabréf | | | | |
| RIKS 29 0917 | 3,1733% | 50.000 | 106,4282 | 53.214 |
| RIKS 34 1016 | 2,8681% | 37.354 | 110,1549 | 41.147 |
| RIKS 36 0815 | 2,8085% | 25.000 | 112,5067 | 28.127 |
| RIKS 39 1115 | 2,7342% | 15.000 | 113,8651 | 17.080 |
| | | | | **139.567** |
| Önnur verðbréf | | | | |
| HARP 46 0217 | 3,9368% | 2.170 | 116,8277 | 2.535 |
| ISB CBI 30 | 3,6681% | 1.480 | 142,8118 | 2.114 |
| LBANK CBI 28 | 4,1263% | 2.280 | 146,6426 | 3.343 |
| LSS150434 | 3,9792% | 2.095 | 83,9364 | 1.758 |
| | | | | **9.750** |
| Reiðufé í gjaldeyri (EUR) | | € 96,6 | 144,60 | 13.968 |
| Reiðufé í íslenskum krónum | | | | 4.017 |
| **Samtals eignir afhentar** | | | | **167.303** |

*Allar fjárhæðir í milljónum og ISK nema annað sé tekið fram*

[1] *Ávöxtunarkrafa afhentra ríkisskuldabréfa byggir á vaxtaferli ríkisskuldabréfa 3. júní 2025*

[2] *Gengi EUR byggir á opinberlega skráðu miðgengi Seðlabanka Íslands þann 3. júní 2025*

**Uppgjörseignir HFF150644**

| | Ávöxtunarkrafa[1] | Nafnverð | Verð / Gengi[2] | Virði 3. júní 2025 |
|---|---|---|---|---|
| Ríkisskuldabréf | | | | |
| RIKS 29 0917 | 3,1733% | 17.000 | 106,4282 | 18.093 |
| RIKS 34 1016 | 2,8681% | 23.000 | 110,1549 | 25.336 |
| RIKS 36 0815 | 2,8085% | 34.000 | 112,5067 | 38.252 |
| RIKS 39 1115 | 2,7342% | 34.000 | 113,8651 | 38.714 |
| RIKS 41 0815 | 2,7100% | 50.000 | 116,2941 | 58.147 |
| RIKS 44 1017 | 2,6725% | 50.313 | 117,6064 | 59.171 |
| RIKS 47 1115 | 2,6468% | 48.000 | 119,2669 | 57.248 |
| RIKS 50 0915 | 2,6301% | 47.000 | 121,4607 | 57.087 |
| RIKB 32 1015 | 6,9142% | 56.000 | 104,8582 | 58.721 |
| | | | | **410.768** |
| Önnur verðbréf | | | | |
| HARP 46 0217 | 3,9368% | 6.300 | 116,8277 | 7.360 |
| ISB CBI 30 | 3,6681% | 4.320 | 142,8118 | 6.169 |
| LBANK CBI 28 | 4,1263% | 6.660 | 146,6426 | 9.766 |
| LSS150434 | 3,9792% | 6.096 | 83,9364 | 5.117 |
| | | | | **28.413** |
| Reiðufé í gjaldeyri (EUR) | | € 281,1 | 144,60 | 40.653 |
| Reiðufé í íslenskum krónum | | | | 4.137 |
| **Samtals eignir afhentar** | | | | **483.971** |

*Allar fjárhæðir í milljónum og ISK nema annað sé tekið fram*

*[1]Ávöxtunarkrafa afhentra ríkisskuldabréfa byggir á vaxtaferli ríkisskuldabréfa 3. júní 2025*

*engi EUR byggir á opinberlega skráðu miðgengi Seðlabanka Íslands 3. júní 2025*

## Hlutföll uppgjörseigna

Í samræmi við uppfært virðismat 3. júní 2025 liggur því endanleg hlutfallsskipting uppgjörseignanna fyrir. Með því er tryggt fullt jafnræði eigenda HFF skuldabréfa vegna virðisbreytinga sem kunna að hafa orðið frá 7. mars sl., óháð því hvort fjárhæðir krafna hafi verið undir eða yfir lágmarksfjárhæð.

Lágmarksfjárhæð samkvæmt lið (iv) (k) í grein 7.A í skilmálum skuldabréfanna er 1.200.000.000 krónur fyrir báða flokka HFF, sem jafngildir 1.022.009.310 nafnverðseiningum HFF150434 og 619.066.848 nafnverðseiningum HFF150644.

Fyrir hverja nafnverðseiningu af HFF150434 skuldabréfum fá kröfuhafar afhentar nafnverðseiningar uppgjörseigna sem nánar greinir hér að neðan:

**Skiptahlutföll uppgjörs HFF150434**

[redacted]

| | |
|---|---|
| **Yfir lágmarksfjárhæð** | |
| RIKS 29 0917 | 0,38276571 |
| RIKS 34 1016 | 0,21337188 |
| RIKS 36 0815 | 0,19138285 |
| RIKS 39 1115 | 0,11482971 |
| Reiðufé í EUR | 0,00073951 |
| Reiðufé í ISK | 0,00410340 |
| Önnur verðbréf | n/a |
| | |
| **Undir lágmarksfjárhæð** | |
| RIKS 34 1016 | 0,79943625 |
| Reiðufé í ISK | 0,29353940 |

Fyrir hverja nafnverðseiningu af HFF150644 skuldabréfum fá kröfuhafar afhentar nafnverðseiningar uppgjörseigna sem nánar greinir hér að neðan:

**Skiptahlutföll uppgjörs HFF150644**

[redacted]

| | |
|---|---|
| **Yfir lágmarksfjárhæð** | |
| RIKS 29 0917 | 0,06967945 |
| RIKS 34 1016 | 0,09427221 |
| RIKS 36 0815 | 0,13935891 |
| RIKS 39 1115 | 0,13935891 |
| RIKS 41 0815 | 0,20493957 |
| RIKS 44 1017 | 0,17733802 |
| RIKS 47 1115 | 0,19674199 |
| RIKS 50 0915 | 0,19264320 |
| RIKB 32 1015 | 0,22953232 |
| Reiðufé í EUR | 0,00115233 |
| Reiðufé í ISK | 0,00563247 |
| Önnur verðbréf | n/a |
| | |
| **Undir lágmarksfjárhæð** | |
| RIKS 44 1017 | 1,23615830 |
| Reiðufé í ISK | 0,48460033 |

Ekki verður unnt að afhenda einstökum kröfuhöfum uppgjörseignir í eignaflokknum *önnur verðbréf* í nákvæmlega sama hlutfalli og mun útgefandi nýta sér heimild í lið (h) í grein 7.A til að greiða það sem upp á vantar með öðrum eignum í eignaflokknum. Kröfuhafar HFF150434 munu fá 6,357055% af kröfuvirði greitt með *öðrum verðbréfum* og kröfuhafar HFF150644 fá 6,007923% af kröfuvirði greitt með *öðrum verðbréfum*. Vörsluaðilum verður afhentur listi yfir nafnverðseiningar einstakra kröfuhafa af eignum í eignaflokknum.

*Fyrirvarar:*

Tölur sem fram koma í tilkynningu þessari eru birtar með fyrirvara um endanlega útreikninga.